

# Hver kynslóð fjármagnar sinn lífeyri

Eftir Þóreyju S. Þórðardóttur

Af og til skapast umræða þess efnis að unnt sé að laga áfallinn halla í lífeyrissjóðakerfinu með hækkun iðgjalda eða með hækkun lífeyristökualdurs. Gjarnan er fullyrnt í framhaldinu að þannig muni þeir sem yngri eru niðurgreiða réttindi

hinna eldri. Slíkur málflutningur er að mestu byggður á misskilningi en gefur tilefni til þess að gera stuttlega grein fyrir nokkrum meginatriðum er viðkoma uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins.

## Almennir lífeyrissjóðir – ábyrgð launagreiðanda

Oft er lífeyrissjóðunum á Íslandi skipt annars vegar í almenna sjóði sem byggjast á fullri sjóðsöfnun og hins vegar í sjóði með ábyrgð launagreiðanda, þ.e. ríkis eða sveitarfélaga. Síðarnefndu sjóðirnir eru aðeins að hluta til fjármagnaðir með greiðslu iðgjalda.

Almennu lífeyrissjóðunum ber lagaleg skylda til að halda réttindum sjóðfélaga í samræmi við eignir sínar. Loforð um réttindi þurfa því að vera til samræmis við eignir á hverjum tíma. Það er þó ekki svo að réttindum sjóðfélaga sé breytt frá einum degi til annars, heldur ber að breyta réttindum ef munurinn á þeim og eignum fer yfir 10% og einnig ef munurinn er meiri en 5% samfellti í fimm ár. Ef slíkt gerist ber eftir atvikum að auka eða minnka réttindi sjóðfélaga. Samkvæmt þessu er reglan sú að ekki er heimilt að veita lífeyrisréttindi umfram eignir lífeyrissjóðs.

Um síðustu áramót voru al-



Þórey S. Þórðardóttir

mennu sjóðirnir með 2% neikvæða stöðu, sem er vel innan þeirra marka sem skilgreind eru sem jafnvægi í lögum. Sú aðgerð að hækka iðgjöld greiðandi sjóðfélaga hefur ekki þau áhrif að bæta áfallna stöðu lífeyrissjóðs heldur aukast lífeyrisréttindi viðkomandi sjóðfélaga til framtíðar. Það er því beinlínis rangt að

hækkun iðgjalda jafngildi því að yngri kynslóðum á vinnumarkaði sé sendur framtíðarrekningur til að bæta nútíðarvanda í lífeyriskerfinu.

Sjóðir með ábyrgð launagreiðanda á réttindum eru ekki að fullu fjármagnaðir með iðgjaldagreiðslum. Í þeim sjóðum hafa launagreiðendur gefið loforð um ákveðin réttindi sem ekki eru til samræmis við eignir sjóðsins. Í þessu lífeyriskerfi ábyrgjast ríki og sveitarfélög greiðslu mismunar sem er annars vegar á eignum og hins vegar skuldbindingum/loforðum um lífeyrisréttindi. Hallinn á þessum sjóðum var um síðustu áramót um það bil 38% af skuldbindingum. Ef iðgjaldagreiðslur hækka til þessara sjóða hafa þær jákvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins en engin áhrif á réttindi sjóðfélaga. Réttindin eru þannig óháð eignum sjóðsins.

## Lengra líf, færri börn

Við Íslendingar stöndum frammi fyrir ýmsum brýnum verkefnum, þar á meðal að takast á við afleiðingar þess að við lifum lengur og eignumst hlutfallslega færri börn en áður var. Öldrudum fjölga og slík breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar er býsna hröð.

Í nýlegri mannfjöldaspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því að

» Vegna hækkandi lífaldurs hefur komið til tals að hækka lífeyristökualdur fremur en að lækka lífeyrisgreiðslur.

Íslendingum 67 ára og eldri fjölgi úr 36 þúsundum árið 2013 í 98 þúsund árið 2060. Þetta er 173% aukning á nokkrum áratugum. Vegna sjóðsöfnunar í íslenska lífeyrissjóði erum við betur í stakk búin en flestar aðrar þjóðir til að mæta breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Vegna hækkandi lífaldurs hefur komið til tals að hækka lífeyristökualdur fremur en að lækka lífeyrisgreiðslur til að eignir lífeyrissjóða standi undir skuldbindingum þeirra til framtíðar. Með hækkun lífeyristökualdurs er unnt að tryggja að hærri iðgjaldagreiðslur skili hærri lífeyrisgreiðslum fremur en að standa undir lengra eftirlaunatímabili.

Reglulega eru gefnar út nýjar lífslíkutöflur og vegna aukins langlífis aukast skuldbindingar sjóðanna. Við stöndum frammi fyrir því að þeir sem yngri eru hafa von um að lifa að jafnaði lengur en þeir eldri. Það er auðvitað afar jákvætt en kostar óhjákvæmilega fjármuni í lífeyriskerfinu.

Þegar lífeyrissjóður stendur frammi fyrir því að eignir eru ekki til samræmis við skilgreind réttindi vegna aukinna lífslíkna ber sjóðunum að minnka réttindin. Við slíkar aðgerðir ber að gæta jafnræðis milli sjóðfélaga og því er það ekki rétt að yngri kynslóðin niðurgreiði réttindi hinna eldri.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

